Lestarfélag Seyluhrepps.

# Smári

I. ár janúar 1927 4. t. bl.

## Fyrirlestur
### fluttur í Framfarafélaginu á Sauðárkrók
### 18 marts 1926.

(framh.)

Galilei (1556-1642) ágætur vísindamaður, eðlisfræðingur og stjarnfræðingur. Hann færði fyrstur manna sönnur fyrir því að kenning Kapernikusar væri rjett. Hann sá í fjarsjá (1610) að kvartilaskifti eru á Venus, eins og á tunglinu, og að mörg tungl fylgdu Júpiter. Fyrir fylgi sitt við þetta mál, var Galilei tvívegis kúgaður til að afneita skoðun sinni, ella hefði hann verið dreginn á bálið. En mörg ár varð hann blindur og ellihrumur að sitja í fúlu svartholi.

Tyge Brahe (15.46-1602) danskur aðalsmað

ur, mikill stjarnfræðingur. Gerði hann margar óvenju nákvæmar mælingar. Reis hann upp á móti ýmsum kenningum Kopernikusar. Hann sannaði að brautir reikistjarnanna væru ekki hringbrautir heldur sporbrautir.
Jóhann Kepler (1571–1630) var frábær stjarnfræðingur, og lærisveinn Tyge Brahe. Hann var einnig stærðfræðingur og vann að þeim vísindum með elju og dugnaði. Átti hann við mjög þröngan kost að búa, sem flestir aðrir, er stunduðu slíkar fræðigreinar. En þrátt fyrir mikla örðugleika, lauk hann því stórvirki að reikna út gangbrautir þeirra himinhnatta í sólkerfi voru, er þá voru kunnir, að sólunni frátaldri.
Kepler gat eigi skilið orsökina til þess, að himinhnettirnir ganga eftir föstum óbreytanlegum lögum, en ekki öðruvísi.

En þá kom til sögunnar Ísak Newton (1642–1727) sem fann þyngdarlögmálið og sannaði 1685 að tunglið og reikistjörnurnar hlýði sömu lögum á braut sinni um jörðu og sólu, eins og steinninn, sem fellur til jarðar. Þannig færði Newton fulla sönnun fyrir kenningu Kopernikusar og Keplers lögmálinu, og skýrði um leið hinar eðlilegu orsakir til göngu hnattanna.
Aðdráttarafl hnattanna er misjafnt og afstaða þeirra hvers til annars á ýmsum tímum. Toga þeir hver í annan, eins og allir hlutir gera. Ræður þar meira efnismagn hlutanna en stærð þeirra. — Átök sólarinnar eru auðvitað margfalt meiri á hnettina, en þeirra, þar sem hún er mörg hundruð sinnum efnismeiri, en þeir allir til samans. — Þegar einhver hlutur eða hnöttur snýst í hring, myndast sjerstakt afl, er kallast miðflóttaafl. Miðflóttaaflið leitast við að þeyta öllu frá sjer, beint út í geiminn.
En aðdráttaraflið hefir mótsetta eiginleg-

leika. Það togar af alefli í hlutina.
Þegar því að fjarlægðar hlutföllin eru
orðin þau, að þessi öfl eru jafnsterk,
hljóta hnettirnir að renna áfram á
þessum takmörkum á milli þeirra.
Það eru því ósamkynja eiginlegleikar
þessara afla, sem halda hnöttunum á
brautum sínum.
Allar sólstjörnur og jarðstjörnur eru hnettir,
sem renna um alheimsrúmið eftir vissum
brautum, með því eðlislögmális sem
þeim hefir verið sett og drepið hefir verið
lítillega á. Fyrir nokkrum árum sönn-
uðu tveir stjarnfræðingar, að sólstjörn-
urnar falli í tveimur aðalstraumum um
alheimsrúmið, og fari sína leiðina hvor.
Annar þeirra rennur í sömu stefnu og
sólin, en hinn í gagnstæða átt.
Miljónir sólstjarna falla því áfram
samhliða sólinni, og miljónir sólstjarna
falla í gagnstæða átt.
Hnettirnir eru afar mismunandi að

stærð og eðlisásigkomulagi.
Stjarnfræðingar hafa fyrir löngu síðan,
flokkað þá sem þekkjast, niður í kerfi,
og kallað sólkerfi eða sólveldi. Öll
sólkerfi hafa eina eða fleiri stórsólir,
sem er þungamiðja þess kerfis, og fylgi-
hnettirnir snúast stöðugt um.
Í einu slíku sólveldi er jörð vor, eða hnött-
ur sá, er vjer lifum á.
Og eins og að líkindum ræður, þekkja
menninnir helst ofurlítið til þessa sól-
kerfis, eins og vikið hefir verið að hjer að
framan. — Sólin veitir sólkerfi voru
alt líf, hreyringar, þroska og viðhald.
Hún er eins og aðrar sólstjörnur gló-
andi hnöttur, er gefur frá sjer afskap-
legan mikinn hita, sem eftir nýjustu
rannsóknum, er álitinn að vera um
7000 stig. Sólin er að stærð 1. miljón
og 4 hundruð þúsund km í þvm.
Hún er 700 sinnum stærri en allar reiki-
stjörnur sólkerfisins samanlagðar.
Hún snýst um möndul sinn á rúmum

25 sólarhringum, og svífur áfram í rúminu með alt að 20 km. hraða á sekúndu. Eigi er braut hennar vel kunnug, en þó vita menn að hún brunar áfram í áttina til þeirra stjörnumerkja á himni, er kallast Harpa og Herkules. Í Hörpumerkinu er hin dásamlega stórsól Vega eða Blástjarna, sem margir þekkja, og í Herkules heitir aðalsólin Ras-Algeti.

(framh.)

## Gömul og ný trúfræði.

### Kverið og kirkjan.

(Jólahugleiðingar)

Íslendingar eru taldir að eðlisfari bæði herskáir og þrætugjarnir.

Ljós dæmi því til sönnunar, er að finna í fornsögum vorum, þar sem það mátti svo að segja teljast daglegir viðburðir, að ágreiningsatriðin og smá yfir-

sjónir voru jöfnuð, og hefnt með blóði, en blóðið var aftur borgað með gulli, eða látið koma blóð fyrir blóð.

Nú eru þeir tímar fyrir löngu liðnir að stál og blý sje notað, til þess að jafna með deilumálin, en í þess stað er penninn og svertan óspart notuð til sjettingar á milli þeirra sem eitthvað greinir á. Og það einatt svo geyst, að í staðinn fyrir líkamleg meiðsli áður, er mannorði og æru oft og einatt misþyrmt í viðskiptum andstæðinganna.

Venjulegustu og heitustu deilumálin nú í seinni tíð er um stjórnmál. Hin svo kallaða pólitík.

En þess utan eru mörg fleiri deilumál.

Menn deila nú orðið, með alvöru um trúarbrögð og tilveru Drottins vors. Menn deila um hvort sá grundvöllur sem við byggjum á vor helstu trúaratriði sje jafn ábyggilegur eins og okkur hefir verið kent.

Hvort biblían sje ekki blönduð meir eða minna Austurlenskum þjóðsögum.

Menn deila um guddóm Krists, hvort hann hafi verið Guðsson, eða son Jóseps frá Nazaret. Hvort kraftaverk hans og endurlausnarverkið sje ekki meira eða minna tilbúningur.
Við leikmenn stöndum jafnaðarlega utan við þessi deilumál. En okkur er ekki alveg sama hvernig þau lykta. Okkur er ekki sama hvort þeir varnar múrar, sem við sjálfir, feður vorir, þeirra feður langt fram í liðna tímann, höfum leytað og fundið skjól og athvarf, í nepjufrostum og næðingi lífsins. Hvort í þá sjeu rifin skörð, eða jafnvel, jafnaðir við jörðu.
Og við hljótum að gera þá kröfu til þeirra manna, sem vilja rífa niður og veikja okkar gömlu og góðu barnatrú, að þeir byggi upp annað í staðinn.
Við byggjum okkur hlý og þægileg íveruhús til verndar og skjóls vorn líkamlega lífi. Mundum við vera þeim mönnum þakklátir, sem einhvern góðann veðurdag, komi til okkar, og legði í það að eyðileggja þau, eða rífa gildi þeirra.
Mundum við ekki krefjast þess, að þeir byggðu upp að nýju. — En eins og við þörfnumst skjóls og verndar, vorn líkamlega lífi, þá þörfnumst vjer ekki síður skjóls og athvarfs vorn andlega lífa. Stormar og hreggviðri lífsins koma þegar minst varir, þá er hvergi betra skjól og athvarf að finna, heldur en í vorri kristilegu barnatrú, og sælir eru þeir, sem hafa hana óskerta af efasemdum
Það er trúin á Drottinn vorn og frelsara, sem veita okkur hugsvölun og hjálp í sjerhverjum sorgum lífsins. Það er við krossinn helga, sem þúsund þúsunda, af særðum og sorgmæddum hjörtum hafa leitað og fundið skjól og huggun á raunastundum lífsins. Þar hafa þeir fundið þá hugsvölun og

grœðslu þeirra mörgu hjartasára, sem annars
mundu hafa blætt til ólífis.
Nú virðist hin kristilega barnalærdómsbók
okkar ~~ýngismanna~~ yngrimanna „Helga kverið," vera
orðin þyrnir í augum ýmsra uppfræðara
æskulýðsins, og sumum af prestum þjóð-
kirkjunnar. — Nú er ekki hægt að
notast við þá fræðslu lengur, sem það
veitir unglingunum í trúfræðinni.
Þessvegna þarf að þeirra dómi að semja
aðra nýja, sem sje sniðin og löguð
eftir því sem hugsun þeirra, og trúfræð-
in nýja blæs þeim í brjóst.
Eða þá jafnvel að leggja kverkensluna
alveg niður. En hvað skyldi verða
næsta skrefið hjá þeim?
Mjer hefir altaf þótt sjerstaklega vænt
um kverið mitt. Jeg tel það og biblíu-
sögurnar, gimsteinana í bókaskápnum
mínum. Þegar við erum á óþroskuðu
æskuskeiði, þá munum við finna að þar

er að finna þau guðlegu sannindi, sem
óhætt er að byggja á sínar eilífðarvonir.
Og þegar okkur vex aldur og þroski, mun-
um við verða þess varir, að þau eru þau
lífakkeri, sem aldrei haggast í stormum og
öldugangi lífsins, að þaðan liggja þær
akkerisfestar sem aldrei slitna.
Nafnið Jesús Kristur, ljómar þar skærast.
Það hefir nú full 1900 ár ljómað um
gjörvallann heim. Við birtu þess heilaga
nafns, hafa hinir jarðnesku konungar stað[ið]
hásæti sín, og í krafti þess stjórnað
ríkjum sínum. Það er það heimsins
ljós, sem heiðingjarnir fálmuðu eftir, og
Gyðingarnir þráðu.
Við fæðingu hans, eru himneskar hersveit-
ir staddar á jörðu, og boða þar frið og
guðs velþóknun yfir mönnum.
Við fæðingu hans koma vitringar úr
Austurlöndum, sögðust hafa sjeð stjörnu
hins nýfædda konungs í austri, og vera
komnir til að göfga hann.

þegar honum vex aldur, kennir hann,
sem sá, er vald hafði, svo hinir
Skriftlærðu og kennimannahöfðingjar
stóðu undrandi og óttaslegnir.
Hann læknar, með sínu guðlega orði,
þá sem sjúkir vóru, lætur halta ganga,
líkþráa hreinsast, daufa heyra og dauða
upprísa. — Aldrei er nokkurt orð ósatt
haft eftir honum, eða svik fundin í
hans munni.
Þungamiðjan í ~~t~~ ákæru óvina hans,
var að hann hefði sagst vera Guðs-
son, sá fyrirheitni Messías, og þegar
dómari hans spyr hann þess, þá játar
hann því. Og lofaður sje lausnari
vor fyrir þá játningu sína.
Á krossinum biður hann vægðar óvin-
um sínum, biður guð að fyrirgefa þeim
því þeir viti eigi hvað þeir gjöri.
Í gröf hans byrtast konum þeim, sem
ætluðu að smyrja líkama hans, ljósklædd-

-ar verur, úr öðra heimi, og spyrja:
„Hví leitið þið hinna lifandi á meðal
hinna dauðu“? Hann byrtist sjálfur læri-
sveinum sínum eftir upprisuna, og talar við
þá um eilífðarmálin.
Hann segir Tómasi að skoða naglaförin í
höndum sjer, og sjá stunguna í síðu sjer
og vera ekki lengur vantrúaður.
Sælir eru þeir sem trúa, þótt ekki sjái
þeir. Og í viðurvist þeirra allra hverfur
hann þeim til himna.
En þrátt fyrir öll þessi guðlegu sann-
indi, sem öllum sönnum kristindóms-
vinum eru heilög, þá virðist þeim
mönnum fjölga innan vebanda þjóð-
kirkjunnar, sem efast um að sá grund-
völlur sje rjettur sem við byggjum á
okkar kristnu trú.
Þeir taka ýmsar kenningar biblíunnar
og leggja þar í alt aðra meiningu heldur
enn þá, sem orðin virðast benda til, og
snúa það til eftir því sem að þeim

finst að passi betur við þeirra grundvallarhugsun í trúmálum. Þeir gera biblíuna að Austurlenskum þjóðsögum, segja sumir beint að svo sje það.
Þeir segja að Kristur hafi ekki verið Guðsson frekar en við allir, því við værum allir Guðssynir. – Hann hefði verið son timburmannsins frá Nazaret – Jóseps. Frásögnina um fórnardauða Krists, og friðþægingu hans, við Guð, hneykslast þeir á, og kraftaverk hans, telja þeir hugarburð og hjegóma. Yfir höfuð reita þeir af Kristi alt það, sem gerir hann guðdómlegann í augum hans trúuðu lærisveina.
Með öðrum orðum, þeir gera Krist að ósannindamanni.
Við tökum okkur það í ljettu rúmi liggja, þótt einstaka hugsunarlitlir gapar, sem skóli lífsins ekki ennþá er neitt farinn að aga. Þó þeir tali og skrifi á þann veg.

En þegar það eru prestar þjóðkirkjunnar, sem eru farnir að hreifa slíkum kenningum, þá getur slíkt valla látið ótalið.
Slíkir prestar eiga ekki að hafa pláss í þjóðkirkju vorri, þótt hún eigi að þeirra dómi að vera sem rúmbest. Þeim væri sæmra að taka hatt sinn, og segja skilið við hana, heldur en að nota hana sem vígi, til þess að rífa niður hennar helstu varnarmúra. Mjer er þá spurn. Hafa slíkir prestar nokkurn rjett til þess að vera prestar þjóðkirkjunnar?
Er þeim það nokkur styrkur, eða hugarljetti, þótt þá vanti trúna, og vilja ekki trúa öðrum en því sem skynsemi þeirra nær, að vera að veikja þann kraft og huggun, sem trúin veitir öðrum, og sem þeir byggja á sínar eilífðarvonir? Vei, þeim sem hneykslunum veldur o.s. frv.
Það er svo margt sem snertir eilífðarmálin, sem erfitt er að þreifa á, eða sanna, það er svo víða sem skynsemin verður að nema staðar, og þá verður trúin að taka við.

Það er hún sem ein er þess megnug að lyfta upp því fortjaldi sem aðskilur hjer tímann og eilífina, og sýna okkur í því ljósi alt það er okkur birtist þar á bakvið.
Eyðimerkurgróðurinn getur lifað og þroskast á, meðan sól og regn fjörga hann. En þegar frostnæðingar fyrja að leika um hann, fölnar hann skyndilega, vegna þess að ~~honum~~ hann vantar alla hlífð og skjól.

honum

Þessir niðurrifsmenn, eru komnir út á eyðimörku sjálfir, og vilja leiða aðra með sjer. En þegar nepjufrost og næðingar lífsins, fara að gera vart við sig, þá getur ekki Krists kross veitt þeim vernd eða skjól.
Þeir verða því sem gróður eyðimerkurinnar hlífðarlausir, og hverfa af ~~stað~~leik-velli lífsins, ekkert sjest eftir þeirra starf og líf á þeirra sviðum, nema kaldar og gróðurlausar auðnir.

E. G.

Ákveðið var að út kæmi 1. örk á mánuði, í vetur. Eru nú komnar út 5½ örk, og er nú helst áformað að það geti orðið 10 arkir als.